

## Útkömin í A-deild Stjórnartíðindanna

Auglýsing um breyting á auglýsing 26. september 1872, 5. gr. og auglýsing 10. febr. 1876, 2. gr., að því er snertir viktartakmarkið og burðargjaldið fyrir prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, er senda á milli hins danska og íslenska póst-umdæmis. Útgefin af innanríkisráðgjafanum og ráðgjafa Íslands 4. júní 1885. (A. nr. 3, bls. 8—9).

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um borgun handa fulltrúa 58  
stjórnarinnar á alþingi 1887. — Samkvæmt allraþegnlegastri tillögu ráðgjafans hefur 26. maí.  
hans hátígn konunginum 21. p. m. allramildilegast þóknast að fallast á, að gjöldin til  
fulltrúa stjórnarinnar á hinni reglulegu samkomu alþingis 1887 skuli ákveðin 2000 kr.

Þetta er eigi látið hjálíða þjónustusamlega að tilkynna yður, herra landshöfðingi,  
til þóknanlegrar leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það í B-deild Stjórnartíðindanna.

## Auglýsing

fyrir sjófarendur.

59

6. júní.

Það kunngjöríst hjer með sjófarendum, að hjereptir verður kveikt á ljóskerinu yzt  
á Garðsskaga í Gullbringusýslu á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí.

Reykjavík, 6. júnímánaðar 1885.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Bergur Thorberg.

Jón Jenson.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu um hall- 60  
æríslán handa sýslunni. — Samkvæmt beiðni þeirri, er þjer, herra sýslumaður, í umboði 24. júní.  
sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu og að partil fengnu samþykki amtsráðs-  
ins, hafið komið fram með í þóknanlegu brjefi, dagsettu í dag, veiti jeg hjer með greindri  
sýslunefnd allt að 20,000 kr. lán úr landssjóði til að afstýra hallæri í sýslunni, gegn  
því, að lán þetta verði endurgreitt á þann hátt, er alþingi ákveður.

Um leið og jeg get þess, að jeg treysti því, að upphæð lánsins verði takmörkuð  
sem mest má verða, skal því viðbætt, að nokkur hluti þess getur fengizt útborgaður nú  
þegar móti tilhlýðilegu skuldabrejfi.

## Auglýsing

um apturköllun á auglýsingu landshöfðingja 18. júlí f. á. um kólerusótt á Suður-Frakklandi. 29. júní.

Auglýsing landshöfðingja, 18. júlí 1884, um að reglum þeim, sem settar eru í  
lögum 17. desember 1875, um mótvarnir gegn því að bólusótt og hin austurlenska kól-  
erusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands, skyldi fyrst um sinn beitt að því er  
snerti skip, sem kæmu hingað til landsins frá frakkneskum höfnum við Miðjarðarhafið,  
er hjer með úr gildi felld.

Reykjavík, 29. júní 1885.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Bergur Thorberg.

Jón Jenson.

11. dag júlímán. 1885.